

# FSE

– fyrir, samhliða og eftir lestur skáldsögu –

Nafn: \_\_\_\_\_ Heiti skáldsögu: \_\_\_\_\_

<p><b>Fyrir lestur</b> Það sem ég veit um bókina og höfund hennar.</p>	
<p><b>Á meðan lesið er</b> Það sem ég velti fyrir mér meðan ég les bókina.</p>	
<p><b>Eftir lestur</b> Hugleiðingar mínar eftir að ég lauk við bókina.</p>	

## Leiðbeiningar við útfyllingu eyðublaðs

Eyðublaðið á framhliðinni áttu að nota samhliða lestri skáldsögu. Þú skráir á það áður en lestur hefst, samhliða lestri og að loknum lestri. Þegar þú hefur lokið við skráningu skilar þú eyðublaðinu til kennara þíns.

Eftirfaranda lista er ætlað að gefa þér hugmyndir um hvað þú getur skrifað. Þú þarft ekki að svara öllum spurningunum og ekki heldur í þeirri röð sem þær eru settar fram á listanum. Þú getur að sjálfsögðu skrifað um annað en það sem þarna kemur fram svo framarlega sem það er í góðum tengslum við skáldsöguna sem þú lest. Hafðu í huga að textinn þinn sé læsilegur og frágangur snyrtilegur.

Gangi þér vel.

### I Áður en þú lest bókina getur þú m.a. velt fyrir þér:

1. Hvenær kom bókin út? Hver gefur hana út? Hvað er hún margar blaðsíður? Hver er höfundur bókarinnar? Hvað veistu um höfundinn? Þekkir þú aðrar bækur eftir sama höfund?
2. Hvers vegna valdir þú þessa bók?
3. Þekkir þú einhvern sem hefur lesið bókina?
4. Hefur bókin fengið mikla umfjöllun?
5. Um hvað heldur þú að bókin fjalli?

### Á meðan þú lest bókina skaltu m.a. velta eftirfarandi atriðum fyrir þér:

1. Hvað kemur þér á óvart?
2. Orð sem þú skilur ekki eða orð sem þú vilt gjarnan bæta í virka orðaforðann þinn.
3. Orðalag sem þér finnst einkennilegt?
4. Spurningar sem þú vilt fá svör við.

### Eftir að þú lest bókina skaltu skoða eftirfarandi:

1. Hvar gerist sagan?
2. Á hvaða tíma gerist sagan?
3. Hvað gerist sagan á löngum tíma?
4. Er sagt frá í rétttri tímaröð eða flakkað fram og til baka í tíma.
5. Hvert er viðfangsefni sögunnar?
6. Hvaða áhrif hafði sagan á þig?
7. Hvernig tókst höfundi að skapa persónur?
8. Hvaða aukapersónur eru mikilvægastar og hvers vegna?
9. Hvernig er sambandi persóna háttað?
10. Hvernig breytast persónur í sögunni eða viðhorf þeirra og skoðanir?
11. Hver er frásagnarháttur sögunnar?
12. Hvernig er atburðum raðað upp í þeim tilgangi að byggja upp spennu?
13. Hvert er meginþema sögunnar?
14. Hver heldur þú að boðskapurinn geti verið?